

2. gr.

Sjóðurinn er eign Barnaskólans að Laugum. Stofnfé sjóðsins er 10000.00 — tíu þúsund krónur —.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla áhuga og virðingu fyrir verklegu námi. Heimilt er að verja allt að helmingi ársvaxta hvers s. l. árs til verðlauna fyrir þau fullnaðar-prófsbörn, er á hverjum tíma skara fram úr í verklegu námi við barnaskólann að Laugum.

Einnig skal heimilt, þegar nægilegt fé er fyrir hendi og sérstök ástæða þykir til, að veita efnilegum nemendum styrk til framhaldsnáms í verklegum greinum, enda nemi sú fjárhæð eigi meira en helmingi ársvaxta hverju sinni.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu þessir menn skípa: Skólastjóri og handavinnukennarar við barnaskólann að Laugum, ásamt gefanda sjóðsins meðan hans nýtur við — annars prófdómara skólans í verklegu námi.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtast á hæstu vöxtum hverju sinni í tryggri lánsstofnun. Eitt eintak af skipulagsskrá þessari skal jafnan geymt í eldryggi geymslu.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gerði, 29. jan. 1962.

Einar Eyjólfsson.

Hólmfríður Andrésdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 112/1955, um iðnskóla.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Iðnskólum með 300 nemendur eða fleiri má, að fengnu samþykki ráðherra, skipta í deildir eftir iðngreinum, enda séu eigi færri en 150 nemendur í deild, en sameina má í deild fleiri en eina iðngrein.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 34. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í skólum, þar sem komið hefur verið á deildaskiptingu, sbr. 3. gr., getur ráðherra skipað einn yfirkennara fyrir hverja deild.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 45/1955 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. marz 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.